

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EBE) nr. 1014/90**

**frá 24. apríl 1990**

**um ítarlegar framkvæmdarreglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 frá 29. maí 1989 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum <sup>(1)</sup>, einkum a-lið 1. tölul. f-liðar, g-lið, d-lið 1. tölul. i-liðar, 2. tölul. i-liðar, 1. tölul. i-liðar og b-lið 1. tölul. i-liðar og 1. tölul. r-liðar 4. mgr. 1. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samþykka verður ítarlegar reglur um beitingu reglugerðar (EBE) nr. 1576/89 sem lúta að því að skýra í aðalatriðum þær meginreglur sem mælt er fyrir um í fyrrnefndri reglugerð og einnig viðbótarreglur.

Við setningu þessara reglna og viðbótarreglna ætti fyrst um sinn að taka mið af viðmiðunum sem fylgt var þegar reglugerð (EBE) nr. 1576/89 var samþykkt. Því væri rétt að leggja hefðir og venjur hinna ýmsu svæða bandalagsins til grundvallar, að því leyti sem þær eru samrýmanlegar hinum innri markaði. Einnig ætti að forðast allan hugsanlegan rugling í upplýsingum sem koma fram á merkimiðum og tryggja þannig að neytanda séu gefnar eins ítarlegar og glöggar upplýsingar sem verða má á merkimiðum.

Þessi reglugerð ætti að gilda með fyrirvara um bráðabirgða-ákvæði sem eru sett í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3773/89 frá 14. desember 1989 um bráðabirgðaráðstafanir varðandi áfenga drykki <sup>(2)</sup>.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit framkvæmdanefndar um brennda drykki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Að því er a-lið 1. tölul. f-liðar 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1576/89 varðar er óheimilt að bæta meira en 25 kg af dreggjum í hver 100 kg af þrúguhrati við framleiðslu þrúguhratsbrennivíns.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 160, 12. 6. 1989, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 365, 15. 12. 1989, bls. 48.

Alkóhólinnihald dreggjanna má ekki vera meira en 35% af heildarmagni alkóhóls í fullunninni vöru.

*2. gr.*

Að því er g-lið 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1576/89 varðar er ávaxtahratsbrennivín brenndur drykkur sem fæst einungis með gerjun og eimingu ávaxtahrats, þó ekki þrúguhrats, að hámarki að 86% miðað við rúmmál. Heimilt er að endureima við sama alkóhólstyrkleika.

Lágmarksmagn rokkgjarnra efna skal vera 200 g á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál.

Hámarksmagn metanóls skal vera 1 500 g á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál.

Hámarksmagn blásýru skal vera 10 g á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál ef um er að ræða brennivín framleitt úr ávaxtahrati með steinum.

Í vörumerkingunni skal koma fram heiti ávaxtarins ásamt orðinu „hratsbrennivín“. Ef notað er hrat úr mismunandi ávöxtum skal vörumerkingin vera „ávaxtahratsbrennivín“.

*3. gr.*

Að því er d-lið 1. tölul. i-liðar 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1576/89 varðar er heimilt að setja heiti ávaxtarins í stað orðsins „brennivín“ með heiti ávaxtarins á undan einungis ef um er að ræða einhvern eftirtalinna ávaxta:

— mírabellplómur (*Prunus domestica* L. var. *syriaca*),

— plómur (*Prunus domestica* L.),

— sveskjuplómur (*Prunus domestica* L.),

— sortulyng (*Arbutus unedo* L.),

— eplategundina Golden Delicious.

Ef hættu er á að neytandi skilji merkingarnar ekki fyllilega skal einnig setja á merkimiðann orðið „brennivín“, ásamt skýringu ef á þarf að halda.

*4. gr.*

Heimilt er að nota merkinguna „brennivín“ með heiti ávaxtarins á undan á brennda drykki sem um getur í 2. tölul. i-liðar 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1576/89 ef á merkimiðanum eru orðin „framleitt með því að leggja í bleyti og eimingu“.

Málgreinin hér að framan á við um brennda drykki sem fengist hafa úr eftirtöldum ávöxtum:

- brómberjum (*Rubus fruticosus* L.),
- jarðarberjum (*Fragaria* L.),
- aðalbláberjum (*Vaccinium myrtillus* L.),
- hindberjum (*Rubus idaeus* L.),
- rifsberjum (*Ribes vulgare* Lam.),
- þyrniplómum (*Prunus spinosa* L.),
- reyniberjum (*Sorbus domestica* L.),
- berjamispli (*Sorbus domestica* L.),
- berjum af kristþyrni (*Ilex cassine* L.),
- berjum af runnareyni (*Sorbus torminalis* L.),
- ylliberjum (*Sambucus nigra* L.),
- rósaberjum (*Rosa canina* L.),
- sólberjum (*Ribes nigrum* L.).

5. gr.

Að því er 1. tölul. i-liðar 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1576/89 varðar skal nota að minnsta kosti 5 kg af ávöxtum í hverja 20 lítra af vínanda miðað við 100% rúmmál.

6. gr.

1. Undanþágurnar sem um getur í b-lið 1. tölul. i-liðar 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1576/89 skulu byggjast á hámarks magni metanóls í ávaxtabrennivíni, sem skal vera 1 500 g á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál, ef um er að ræða brennivín sem tilteknir ávaxtaframleiðendur hafa

fengið í áfengisgerðum þar sem ársframleiðsla á brennivíni er að hámarki 500 hektólítrar vínanda miðað við 100% rúmmál, og fengist hefur úr eftirtöldum ávöxtum:

- plómum (*Prunus domestica* L.),
- mírabellplómum (*Prunus domestica* L. var *syriaca*),
- sveskjuplómum (*Prunus domestica* L.),
- eplum (*Malus domestica* Borkh.),
- sortulyngi (*Arbutus unedo* L.).

2. Ákvæði 1. mgr. gildir einnig til 31. desember 1992 um brennivín sem fæst úr perum (*Pyrus comunis*) án takmarkana á ársframleiðslu áfengisgerðanna.

7. gr.

Þrátt fyrir 1. tölul. r-liðar 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1576/89 skal 100 g lágmarksmagn sykurs á hvern lítra af líkjör lækkað í:

- 80 g á hvern lítra í maríuvandarlíkjör þar sem maríuvöndur er eina bragðefnið;
- 70 g á hvern lítra í kirsuberjalíkjör ef etanólið samanstendur einungis af kirsuberjabrennivíni.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. maí 1990.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. apríl 1990.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.